

**ÁLYKTUN RÁÐSINS OG FULLTRÚA RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJANNA, SEM KOMU SAMAN Á VEGUM RÁÐSINS,**

**frá 31. október 1994**

**um að efla samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna**

**(94/C 313/01)**

RÁÐIÐ OG FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJANNA, SEM KOMU SAMAN Á VEGUM RÁÐSINS,

sem hafa hliðsjón af því mikilvæga hlutverki sem sjálfboðaliðar gegna á mörgum sviðum almannavarna og í þessu sambandi er vakin athygli á ályktun Evrópuþingsins um starf sjálfboðaliða <sup>(6)</sup>;

sem hafa í huga ályktun sína frá 25. júní 1987 um að koma á samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna <sup>(1)</sup>, ályktun sína frá 13. febrúar 1989 um þróun samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna <sup>(2)</sup>, ályktun sína frá 23. nóvember 1990 um samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði almannavarna <sup>(3)</sup>, ályktun sína frá 23. nóvember 1990 um að efla gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá af manna völdum <sup>(4)</sup> og ályktun sína frá 8. júlí 1991 um að bæta gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna komi til náttúruhamfara eða við vá af völdum tæknibilunar <sup>(5)</sup>;

sem hafa hliðsjón af því að mikill ávinningur er fólgin í því, að því er varðar gagnkvæma aðstoð þegar vá er fyrir dyrum, að viðhalda og efla þá starfstilhögun, sem er þegar fyrir hendi, að teknu tilliti til hæfni aðildarríkjanna til aðgerða. Sú reynsla, sem hefur verið aflað á sviði gagnasendinga milli aðildarríkjanna, hefur leitt í ljós að þörf er á að koma á fót notendanefnd, innan núverandi fastanets tengiliða aðildarríkjanna, sem er fær um að taka allt frumkvæði á þessu sviði;

sem hafa hliðsjón af þeim ávinningi sem þeir sem starfa að almannavörnum hafa af þjálfuninni og hermíæfingunum sem framkvæmdastjórnin skipuleggur. Fyrirnefnd þjálfun og æfingar hafa stuðlað bæði að því að auka viðbúnað þeirra og skapað persónuleg tengsl milli þeirra. Slík tengsl gera það að verkum að reynsla er miðlað í auknum mæli á vettvangi bandalagsins og gagnkvæm aðstoð verður skilvirkari og hraðvirkari;

sem leggja áherslu á að þeir sem starfa að almannavörnum fái tækifæri til að miðla reynslu sinni á evrópskum vettvangi;

sem eru þeirrar skoðunar að einkavarnir séu grundvallarþáttur í almannavörnum;

sem hafa hliðsjón af því að fyrirkomulag sérfræðingaskipta, sem verið er að þróa, mun eiga þátt í því að auka þann ávinning sem fyrir er getið;

sem ítreka nauðsyn þess að efla frumkvæði á sviði upplýsingar, fræðslu og skilningsauka sem er miðað við þarfir almennings, sérstaklega ungs fólks, meðal annars í því augnamiði að efla einkavarnir;

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. C 176, 4. 7. 1987, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB nr. C 44, 23. 2. 1989, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB nr. C 315, 14. 12. 1990, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB nr. C 315, 14. 12. 1990, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. EB nr. C 198, 27. 7. 1991, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. EB nr. C 10, 16. 1. 1984, bls. 288.

<sup>(7)</sup> Stjtuð. EB nr. L 1, 3. 1. 1994, bls. 1.

sem hafa hliðsjón af því að kappkosta ber að samræma eftir föngum aðgerðir á alþjóðavettvangi í þeim tilgangi að nýta sem best þau ráð sem eru tiltæk, með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna í þessu sambandi;

sem hafa í huga að enda þótt nú þegar sé kveðið á um hugsanlegar ráðstafanir á sviði almannavarna í t-lið 3. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins kemur fram í yfirlýsingunni um almannavarnir, orku og ferðamennsku, sem fylgir með lokagerð sáttmálans um Evrópusambandið sem viðauki, að ákvæðin um almannavarnir verði sérstaklega skoðuð, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. lið N. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, á grundvelli skýrslu sem framkvæmdastjórnin mun leggja fyrir ráðið eigi síðar en árið 1996;

sem álíta þess vegna að það yrði vel til fallið að setja fram viðmiðunarreglur í grófum dráttum sem framkvæmdastjórnin kynni að samþykkja að því er varðar fyrrnefnda skýrslu;

sem hafa í huga að fastanet tengiliða einstakra aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar hefur verið sett á laggirnar í samræmi við 2. lið ályktunarinnar frá 25. júní 1987. Netið er mikilvægt með tilliti til frumkvæðis sem bandalagið kann að hafa;

VIÐURKENNA að fastanet tengiliða aðildarríkjanna, hér á eftir kallað „netið“, er mikilvægt tæki til að tryggja samhengi í samvinnu innan bandalagsins um almannavarnir og að mikilvægt sé að tengiliðir aðildarríkjanna hafi áfram hlutverki að gegna, einkum því að auðvelda sérfræðingum þátttöku í aðgerðum bandalagsins, að miðla upplýsingum um þessar aðgerðir til viðkomandi og að greiða fyrir því að verkefni, sem aðildarríkin hafa haft frumkvæði að, hafi aðgang að stuðningi bandalagsins;

ERU EINHUGA UM að fela nauðsynlegum mannafla innan stjórnsýslu þeirra, eða að hann verði hafður til taks, eftir því sem þörf krefur, til að reka netið snurðulaust og hugsanlega þróa það hlutverk sem það gegnir og að gerðar verði ráðstafanir til að framkvæmdastjórar almannavarna eða menn í svipuðum stöðum hittist reglulega og að jafnaði einu sinni ár hvert;

FAGNA ÞVÍ hversu vel hefur miðað að hrinda fyrrnefndum ályktunum í framkvæmd, einkum með tilliti til pró-

unar þjálfunar, hermiafinga og undirbúningsverkefna og skora jafnframt á framkvæmdastjórnina að halda aðgerðunum áfram og efla þær;

ÓSKA ÞESS einnig að unnt sé að þróa samstarf milli skóla og innlendra þjálfunarstöðva, sem starfa á sviði almannavarna, með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna í þessu sambandi;

VEITA með velþóknun ATHYGLI þeirri undirbúningsvinnu sem framkvæmdastjórnin hefur átt frumkvæði að í þeim tilgangi að koma á fót skipulögðum sérfræðingaskiptum í tilraunaskyni, til að byrja með til tveggja ára, í samræmi við framkomna ósk í ályktun frá 23. nóvember 1990 og eru jafnframt einhuga um að meta að loknu þessu upphafstímabili hvort þetta kerfi eigi framtíð fyrir sér og, ef svo er, láta kanna fyrirkomulag þetta innan netsins, einkum með tilliti til fjármögnunar;

STYÐJA það frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar að miðla, í náinni samvinnu við innlend stjórnvöld, ólíkri reynslu af starfsvettvangi sjálfbóðaliða til þess að koma auga á aðgerðir, sem stuðla að betri nýtingu þeirra ráða sem eru tiltæk á þessu sviði, og leggja, af þessum sökum, áherslu á notagildi stofnunar vinnustofu í Portúgal í júní 1994, þar sem unnt er að stunda sjálfsnám í sjálfbóðaliðastarfi;

LÝSA ÁNÆGJU SINNI yfir því hve vel miðar að koma á skipulagi fyrir aðstoð, einkum með samantekt handbókar, þar sem taldar eru meðal annars upp upplýsingamiðstöðvar í einstökum aðildarríkjum og á vegum bandalagsins, staðir þar sem unnt er að fá sérfræðiálit um tiltekin svið aðstoðar og skrár yfir þau ráð, sem eru tiltæk í hverju aðildarríki um sig, og hvernig megi nýta þessi ráð, með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna með tilliti til hagnýtingar.

FAGNA þeim ráðstöfunum sem framkvæmdastjórnin hefur gert innan stjórnsýslu sinnar til þess að hafa viðbúnað allan sólarhringinn og mæta kostnaði samfara sérfræðiaðstoð;

SKORA Á framkvæmdastjórnina að treysta þetta fyrirkomulag og gera áætlanir, ef nauðsyn krefur, um að rýmka gildissvið þess með því að koma á fót sérfræðingahópum sem sérhæfa sig á tilteknum sviðum og nýta netið til hins ítrasta;

TELJA einkum að framkvæmdastjórninni beri, í tillögum sínum um aðgerðir, að leggja megináherslu á viðbúnað og fyrirbyggjandi ráðstafanir þegar vá er fyrir dyrum og stjórnun ef hættuástand skapast og styðja í þessu sambandi frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, þar sem netið er nýtt til hins ítrasta, að því að auka viðbúnað þeirra sem gegna því hlutverki að koma í veg fyrir neyðarástand og stjórna aðgerðum ef það skapast.

ÁLÍTA að taka beri mið af þörfum þjónustuaðila á sviði almannavarna að því er varðar samevrópsk gagnaskiptanet, sem tengja stjórnvöld saman, og skora á framkvæmdastjórnina að meta þörf fyrir fjarfundakerfi, sem sé ávallt aðgengilegt, einkum ef neyðarástand skapast, hvort viðlit sé að koma slíku kerfi á og hvað það kosti;

SKORA Á framkvæmdastjórnina að kanna, með tilliti til árangurs af æfingaverkefninu Evrópa 93 og með því að nýta netið til hins ítrasta, hvort tók séu á að skapa þeim sem vinna að almannavörnum vettvang til að miðla öðrum af reynslu sinni;

ÍTREKA ósk sína þess efnis að haft sé frumkvæði að því, einkum innan skólanna, að upplýsa borgarana betur, fræða þá meir og efla vitund þeirra, þannig að unnt sé, meðal annars, að efla einkavarnir þeirra;

VEITA ATHYGLI samvinnunni sem hefur þróast milli bandalagsins og EFTA-landanna og fagna því að sú sam-

vinna er eflað með þátttöku sérfræðinga frá aðildarríkjum EES-samningsins, sem eru ekki aðilar að bandalaginu, í þjálfunaraðgerðum bandalagsins;

SKORA Á framkvæmdastjórnina, með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna í þessu sambandi, að leggja sitt af mörkum, með reglulegum samskiptum sínum við alþjóðastofnanir sem starfa á sviði almannavarna, til þess að samræma betur aðgerðir á sviði almannavarna á alþjóðavettvangi;

ÁLÍTA að á alheimsráðstefnunni í Yokohama 23. til 27. maí 1994, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna boðaði til um varnir gegn náttúruhamförum, hafi verið rétt að kynna frumkvæði á sviði almannavarna, sem var liður í samvinnu á vettvangi bandalagsins, í samstarfi við framkvæmdastjórnina svo að unnt verði að miðla þeirri reynslu, sem var aflað, til annarra svæða;

SKULDBINDA SIG til þess að efna til náinnar og virkrar samvinnu við framkvæmdastjórnina um undirbúning skýrslunnar, sem henni ber að leggja fyrir ráðið eigi síðar en árið 1996, sem skal vera grundvöllur að könnun þess, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. N. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hvort samþykkja beri og fella inn í stofnsáttmála Evrópubandalagsins bálk um almannavarnir.